

L Ö G

um breyting á lögum nr. 89 5. júní 1947, um fiskimálasjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „Engin lánveiting má nema yfir 150 000 kr.“ í 5. gr. laganna komi: Engin lánveiting má nema yfir 400 000 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 17. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hækkun sú, er verður á skuld ríkissjóðs við Greiðslubandalag Evrópu og Evrópusjóðinn vegna nýákveðinnar breytingar á stofngengi íslenzkrar krónu, skal færð á sérstakan vaxtalausán reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Á reikning þennan skal einnig færa þann gengismun, er af sömu ástæðu kemur fram hjá einstökum bönkum, sem verzla með erlendan gjaldeyri. Við útreikning á þessum gengismun skal taka tillit til allra eigna og skulda viðkomandi banka í erlendum gjaldeyri, þá er hið nýja gengi tekur gildi. Innstæður og skuldir í krónum á nafni erlendra aðila, sem gengistryggðar eru með sérstökum samningi, teljast erlendir gjaldeyrir í þessu sambandi, og sama gildir um gulleign Seðlabankans.

Á reikning þann, er um ræðir í fyrri málsg. þessarar gr., skal færa gengismun, sem myndast vegna ákvæðis 2. gr., þá er banki hefur innt af hendi greiðslu vegna bankaábyrgðar áður en hið nýja gengi tók gildi. Sama gildir um gengismun, er myndast kann við kaup á gjaldeyri frá varnarliðinu vegna ákvæða 3. gr.

2. gr.

Nú er bankaábyrgð til handa erlendum aðila ekki greidd í íslenzkum banka fyrr en eftir 1. ágúst 1961 eða gjalddagi hennar er eftir þann tíma, og skal hún þá gerð upp á hinu nýja gengi.